



Reykjavík, 12. maí 2025

MSS25050039

Tillögur vegna aðalfundar Íþrótt- og sýningahallarinnar hf. 2025

Boðað hefur verið til aðalfundar Íþrótt- og sýningahallarinnar hf. í samræmi við 12. gr. samþykktu félagsins, þann 21. maí nk. kl. 12.00 í Laugardalshöll við Engjaveg.

Í samræmi við lið 4.4 í Almennri eigandastefnu Reykjavíkurborgar þarf samþykki borgarráðs til beitingar réttinda eigandafyrirsvars vegna framlagðra tillagna. Eftirfarandi tillögur verða lagðar fram til afgreiðslu á aðalfundi Íþrótt- og sýningahallarinnar hf.:

Dagskrárliður 1. Skýrsla stjórnar.

Dagskrárliður 2. Lagður fram ársreikningur og endurskoðunarskýrsla fyrir liðið starfsár.

Dagskrárliður 3. Kjör stjórnar og endurskoðanda.

Dagskrárliður 4. Tekin ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar.

Dagskrárliður 5. Ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna.

Dagskrárliður 6. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur mál.

Lagt er til að tillögur dagskrárliða 1, 2, 4 og 5 verði samþykktar.

Varðandi tillögu dagskrárliðar 3 um kjör stjórnar þá skipa fimm manns stjórn Íþrótt- og sýningahallarinnar hf. Reykjavíkurborg og Samtök iðnaðarins tilnefna tvo fulltrúa hvor og sammælast um formann. Á fundi borgarráðs 8. maí sl. var samþykkt tillaga tilnefningarnefndar um fulltrúa Reykjavíkurborgar í stjórn Íþrótt- og sýningahallarinnar. Þá er lagt til að tillaga um endurskoðanda félagsins verði samþykkt.

Varðandi dagskrárlið 6, þá eru lagðar til breytingar á samþykktum félagsins sem hafa verið undirbúnar í samstarfi eigenda. Lagt er til að þær verði samþykktar.

Málið er trúnaðarmál fram yfir aðalfund Íþrótt- og sýningarhallarinnar hf. sem haldinn verður 21. maí 2025.

Heiða Björg Hilmissdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Fundargögn aðalfundar Íþrótt- og sýningahallarinnar hf.



Reykjavík

AÐALFUNDUR

Íþróttta- og sýningahallarinnar hf.

Verður haldinn miðvikudaginn 21. maí 2025, kl. 12:00 í Laugardalshöll við Engjaveg.

Samkvæmt samþykktum félagsins skal boða til aðalfundar með minnst 14 daga fyrirvara fyrir lok júní.

Í 14. gr. samþykktta félagsins segir: Hluthafar geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn.

Í 17 gr. samþykktta félagsins segir: Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og tveimur til vara, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Í 8. gr. hluthafasamkomulags frá 20. júní 2003 segir að stjórnin skuli skipuð 5 mönnum, 2 tilnefndum af Reykjavíkurborg, 2 af Samtökum iðnaðarins og einum stjórnarmanni sem aðilar koma sér saman um. Hvor aðili um sig hefur rétt til að tilnefna einn varamann og er hann varamaður þeirra tveggja stjórnarmanna sem hluthafinn hefur tilnefnt.

Dagskrá verður sem hér segir:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Lagður fram ársreikningur og endurskoðunarskýrsla fyrir liðið starfsár.
3. Kjör stjórnar og endurskoðanda.
4. Tekin ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar.
5. Ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna.
6. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur mál.

Reykjavík, 20. mars 2025

f.h. stjórnar ÍSH hf.
Sveinn S. Hannesson,
stjórnarformaður

AÐALFUNDUR

Íþróttta- og sýningahallarinnar hf.

Tillögur stjórnar

Tillögur stjórnar til aðalfundar sem haldinn verður miðvikudaginn 21. maí 2025, kl. 12:00 í Laugardalshöll við Engjaveg.

Tillaga um endurskoðanda

Stjórn félagsins leggur til að Jón G. Hjálmarsson, DFK Endurskoðun ehf. verði endurkjörinn sem endurskoðandi félagsins.

Tillaga um ráðstöfun hagnaðar

Stjórn félagsins leggur til við aðalfund að ekki verði greiddur út arður og vísar að öðru leyti til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar/taps.

Tillaga um greiðslur til stjórnarmanna

Lagt er til að stjórnarlaun verði kr. 150.000 á mánuði, en stjórnarformaður fái tvöfalda þá fjárhæð, en varaformaður 1,5 stjórnarlaun.

Samþykkt á stjórnarfundir fimmtudaginn 20. mars 2025

f.h. stjórnar ÍSH hf.
Sveinn S. Hannesson,
stjórnarformaður

Skýrsla stjórnar Íþróttá- og sýningarhallarinnar hf fyrir árið 2024

Stjórn og starfsmenn

Í stjórn Íþrótt- og sýningahallarinnar hf. árið 2024 sátu Sveinn S Hannesson, formaður, Ómar Einarsson og Halldóra Káradóttir frá Reykjavíkurborg, Þórunn Pálsdóttir og Helgi Magnússon frá Samtökum iðnaðarins.

Varamenn voru Steinþór Einarsson og Jón Bjarni Gunnarsson

Framkvæmdarstjóri: Birgir Bárðarson.

Endurskoðandi: Jón Gunnsteinn Hjálmarsson, löggiltur endurskoðandi.

Starfsmenn Laugardalshallar voru 10: Framkvæmdastjóri, verkefnastjóri viðburða, verkefnastjóri húsnæðis, 4 húsverðir í dagvinnu og á vöktum auk 3 stöðugilda í ræstingu.

Starfsemin í Laugardalshöll

Hefðbundið æfingastarf í Höllinni (A-sal) var vel nýtt á árinu og munar þar mestu um aukningu í æfingum og mótahaldi Ármanns í körfubolta. Í Höllinni hófst árið á blakmóti þróttar og við tók síðan metfjöldi körfuboltaæfinga Ármenninga. Eins og árið á undan varð mikil aukning körfuboltaæfinga/móta sem taka yfir flest alla tíma í salnum. Þessi þróun þrengdi að blakæfingum þróttar, en með góðri samvinnu þessara félaga náðist lausn sem flestir gátu sætt sig við. Mikið var lagt í að gera vandaðar æfingatöflur sem henta flestum og taka þarf tillit til skiptinga á milli íþróttagreina. HSÍ og KKÍ héldu bikarmót og nokkra landsleiki á árinu og að venju voru þeir viðburðir vel sóttir. Reynt hefur verið að raska sem minnst daglegri starfsemi íþróttafélaganna í Laugardalnum og hefur Reykjavíkurborg fundið ýmsum viðburðum annað húsnæði til þess að raska íþróttastarfi barna og unglinga sem minnst.

Í Frjálsíþróttasalnum (B-sal) voru afreksíþróttamenn með æfingar yfir daginn en síðdegis hefðbundið æfingastarf frjálsíþróttadeilda ÍR, Ármanns og Fjölnis auk æfinga annarra félaga í Reykjavík og skokkhópa undir merkjum ÍBR. Frjálsíþróttadeildir úr nágrannasveitarfélögum, Valur, KR, Breiðablik og UMSK voru einnig með æfingar í húsinu. Íþróttasamband fatlaðra og eldri iðkendur Aspar voru einnig með reglulega tíma í salnum. Starf Háskóla Íslands var að venju umfangsmikið og góð nýting var á notkun á rannsóknastofu þeirra í íþróttufræðum sem er í húsinu.

Mikil aukning var á notkun fundaraðstöðu í Laugardalshöll á árinu og er útlit fyrir að eftirspurn fari enn vaxandi. Ýmis sérsambönd nýttu aðstöðu í ráðstefnusölum m.a. fyrir aðalfundi og til námskeiðahalds. ÍSH hefur lagt kapp á að aðstoða þau íþróttafélög, sem hafa fastar æfingar í húsinu til að nýta ráðstefnurými til félagsfunda.

Þreksalur var mikið nýttur af iðkendum félaganna og er ljóst að endurnýjun tækjabúnaðar hefur reynst mikilvægur til að auka nýtingu þreksalarins.

Reykjavík International Game (RIG) leikarnir voru vel sóttir en þeir fóru fram á tveimur helgum í janúar og febrúar. ÍBR á veg og vanda af þessum leikum en RÚV sá um útsendingar frá leikunum sem er stór hluti af umgjörð þeirra. ÍBR hélt utan um Grunnskólamót Norðurlanda um mitt árið og var mótið vel sótt og tókst með besta móti.

Heildarfjöldi þeirra sem höfðu viðkomu til íþróttæfinga eða keppni ásamt áhorfendum á árinu 2024 má áætla að hafi verið ríflega 200 þúsund gestir.

Ráðstefnur, sýningar, tónleikar og árshátíðir

Árið einkenndist sem áður af fjölbreyttu starfi vöru og ráðstefnusýninga. RÚV og söngvakeppni sjónvarpsins tóku yfir Höllina í lok febrúar með glæsilegan og vel sóttan viðburð. Þá var haldin stórsýningin Verk og Vit í apríl. Hefðbundnir viðburðir á borð við Samfés, Rannís, Reykjavíkumaraþon, útskrift Háskóla Íslands voru á sínum stað en aðrir nýir bættust við og má þar nefna mikla samkomu Votta Jehóva. Áætla má að heildarfjöldi þeirra sem sóttu Laugardalshöll heim á þessa viðburði á árinu hafi verið um 140 þúsund gestir.

Tónleikar á fyrri hluta árs voru frekar fáir en það breyttist þegar leið á árið og því lauk með röð tónleika Iceguys en seldir miðar á þá tónleikaröð voru vel yfir 24 þúsund og er það án efa nýtt met hjá íslenskum tónlistarmönnum. Þá má nefna að rétt fyrir jól voru kveðjutónleikar Jólagesta Björgvins Halldórssonar, sem hafa verið fastur liður í tónleikahaldi Laugardalshallar í gegnum tíðina.

Fjöldi tónleikagesta á árinu eru áætlaðir um 50 þúsund. Samtals má því gera ráð fyrir að fjöldi gesta sem sóttu Laugardalshöll heim á árinu hafi í heildina verið um 390 þúsund.

Viðhald mannvirkja og búnaðar

Umtalsverðar umbætur á húsnæði Laugardalshallar héldu áfram á árinu sem munu koma sér vel í öllu því fjölbreytta starfi sem fram fer í húsnæðinu. Allar breytingar eru við það miðaðar að nýfast starfseminni eins vel og mögulegt er. Áhersla er lögð á að viðburðahald raski almennu íþróttastarfi sem allra minnst og að lágmarka brottfall á æfingatímum þeirra sem eru með fasta viðveru í húsnæðinu. Kjörorðið er: „fljótt inn og fljótt út“ og á það jafnt við um íþróttviðburði, tónleikahald, fundi og veislur.

Viðhald og endurbætur á húsnæðinu er nokkuð sem aldrei klárast en nefna má að á döfinni er endurnýjun á ýmsum ljósabúnaði í Höllinni og frjálsíþróttahöll.

Á árinu 2024 var ráðist í vel undirbúna stórfamkvæmd þar sem nýtt tartanefni var lagt á frjálsíþróttahöllina um sumarið, verktími stóð yfir frá miðjum júní og fram í byrjun september. Með þessu voru gerðar aðrar umtalsverðar breytingar meðal annars með litaval á gólfefni, endurbætur á aðstöðu til tengingar tæknibúnaðar sem notaður er á íþróttamótum og endurnýjun á LED skjá í sal. Þessi framkvæmd stóðst allar væntingar bæði hvað varðar framkvæmdatíma, kostnað og gæði verksins. Óhætt er að fullyrða að notendur eru mjög ánægðir með hvernig til tókst.

Í framhaldi af þessum breytingum hefur verið unnið markvisst að umbótaverkefnum sem snúa að bókunarkerfi, verkferlakerfi, upplýsingakerfi, samskiptakerfi sem og öðrum stafrænum ferlum sem geta bætt og tryggt gott jafnvægi milli íþróttanotenda og viðburðaraðila. Markmiðið er að bæta upplifun þeirra sem heimsækja Laugardalshöll, þannig að þeir viti að þar er veitt fagleg og góð þjónusta.

Rekstur og fjármál

Tekjur félagsins á árinu 2024 námu 600,8 m.kr. samanborið við 571,4 m.kr. árið 2023. Rekstrargjöld að meðtöldum afskriftum árið 2024 námu 493,0 m.kr. samanborið við 529,0 m.kr. árið á undan. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og

fjármagnsliði (EBITDA) hækkaði umtalsvert og nam 252,6 m.kr. á árinu 2024 samanborið við 188,7 m.kr. á árinu 2023.

Enn sjást afleiðingar mikillar verðbólgu í ársreikningi félagsins. Fjármagnsliðir námu samtals -150,1 m.kr. en voru samtals -224,2 m.kr. á fyrra ári.

Bókfært verð fastafjármuna í árslok 2024 var 3.026,3 m.kr. miðað við 2.894,3 m.kr. í árslok 2023. Fasteign félagsins er eignfærð á gildandi fasteignamati. Veltufjármunir í árslok 2024 voru alls 893,2 m.kr. en þar af var handbært fé í árslok 768,2 m.kr. og hækkaði um 56,6 m.kr. frá ársbyrjun, þrátt fyrir utalsverðan framkvæmdakostnað.

Eigið fé í árslok 2024 nam 976,4 m.kr. og var eiginfjárhlutfall því 24,9%.

Vonast er til að framkvæmdir í húsnæðinu, bæði endurbætur og viðhald komi félaginu til góða við sókn á markaði. Allt húsnæði Laugardalshallar er nú í lagi og í fullri notkun. Þetta, ásamt mikil eftirspurn eftir að nýta húsnæðið bæði fyrir íþróttaiðkun og aðra viðburði, gefur að mati stjórnar tilefni til bjartsýni varðandi rekstrarhorfur til framtíðar.

Íþróttta- og sýningahöllin hf.

Ársreikningur fyrir árið 2024

Efnisyfirlit:**Bls.**

Ársskýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra.....	2
Áritun óháðs endurskoðenda.....	3 - 4
Rekstrarreikningur.....	5
Efnahagsreikningur.....	6 - 7
Sjóðstreymi.....	8
Skýringar.....	9 - 13

Íþróttta- og sýningahöllin hf.
Kennitala 481200-3340
Engjavegi 8, 104 Reykjavík

ÁRSSKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

2

Tilgangur félagsins er rekstur fjölnota íþrótt- og sýningahúss í Laugardal auk rekstur Laugardalshallar í Reykjavík. Félagið annast allan rekstur hússins og þeirra mannvirkja sem því tengjast auk þess að sjá um alla markaðssetningu og útleigu hússins og þeirrar þjónustu sem því tengist. Tilgangur félagsins er einnig að annast rekstur, markaðssetningu og útleigu annarra íþróttatengdra mannvirkja eða annarra hliðstæðra fasteigna þar sem rekin er sambærileg starfsemi.

Miklar endurbætur á fasteign félagsins komu til framkvæmda á árinu 2024 og ber þar hæst endurnýjun á gólfefnum í Frjálsíþróttasal. Framkvæmdakostnaður ársins nam 132,6 m.kr. og er fjármagnaður úr rekstri, enda er fjárhagur félagsins traustur og nemur handbært fé 768,2 m.kr. í lok árs. Mikil verðbólga veldur, sem fyrr, háum gjaldfærðum verðbótum af langtímaláni félagsins sem setur mark sitt á þennan ársreikning. Minnkandi verðbólga og mikil eftirspurn eftir því að nýta húsnæðið, bæði fyrir íþróttaiðkun og aðra viðburði gefa þó, að mati stjórnarinnar, tilefni til bjartsýni um framtíðarhorfur í rekstrinum. Stjórn félagsins leggur til við aðalfund að ekki verði greiddur út arður og vísar að öðru leyti til ársreikningsins varðandi jöfnunar taps.

Á árinu 2024 var tap af rekstri félagsins að fjárhæð um 55,7 millj.kr. Heildareignir í árslok 2024 námu 3.919,5 millj.kr. og heildarskuldir námu 2.943,1 millj.kr. Eigið fé í árslok 2024 nam 976,4 millj.kr.

Hlutfé í árslok var 100 millj.kr. og er það í jafnri eigu Reykjavíkurborgar og Samtaka iðnaðarins.

Félagið hefur sett sér markmið og stefnu gagnvart áhættustýringu. Nánar er vísað til skýringar nr. 2.

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar er ársreikningurinn saminn í samræmi við ákvæði ársreikningalaga nr. 3/2006 og gefur hann að mati stjórnar glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu félagsins vegna ársins 2024.

Samkvæmt mati stjórnar felst í ársreikningi og skýrslu stjórnar glögg yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess á árinu 2024 ásamt því að gerð er grein fyrir helstu áhættu- og óvissupáttum sem félagið stendur frammi fyrir.

Stjórn og framkvæmdastjóri Íþrótt- og sýningahallarinnar hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Reykjavík, 20. mars 2025.

Stjórn :

Guðinn Lárusson
Helgi Magnússon
Pommi Pálsson
Omar Einarsson
Halldóra Karadóttir

Framkvæmdastjóri :

Þorgerður Þorvaldsson

Til stjórnar og hluthafa í Íþrótt- og sýningahöllinni hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Íþrótt- og sýningahallarinnar hf. fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um nikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2024, efnahag þess 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Íþrótt- og sýningahöllinni hf. í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdarstjóri ábyrg fyrir mati á rekstrarhæfi félagsins. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningnum með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdarstjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA (frh.)

4

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
 - Metum hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
 - Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum vafa um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
 - Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.
- Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti, ef við á.

Reykjavík, 20. mars 2025.

DFK Endurskoðun ehf.



Jón G. Hjálmarsson,
löggiltur endurskoðandi.

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2024

5

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur :			
Tekjur Reykjavíkurborg.....		376.219.151	334.091.805
Húsaleigutekjur.....		76.045.238	68.682.205
Þjónustutekjur og aðrar tekjur.....		148.546.972	168.639.459
Rekstrartekjur samtals.....		600.811.361	571.413.469
Rekstrargjöld :			
Efni og aðkeypt þjónusta til endursölu.....		15.980.716	73.284.904
Laun og launatengd gjöld.....	4	142.383.323	139.589.765
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður.....		18.959.487	22.351.865
Rekstur húsnæðis, áhalda og tækja.....		101.146.691	97.965.709
Beinn kostnaður vegna útleigu og þjónustu.....		69.722.677	49.451.620
Afskriftir.....	5	144.849.107	146.329.955
Rekstrargjöld samtals.....		493.042.001	528.973.818
Rekstrarhagnaður.....		107.769.360	42.439.651
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) :			
Vaxtatekjur.....		58.524.089	35.416.790
Vaxtagjöld og verðbætur.....	3	(208.610.775)	(259.665.921)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....		(150.086.686)	(224.249.131)
Tap fyrir tekjuskatt.....		(42.317.326)	(181.809.480)
Reiknaður tekjuskattur.....	10	(29.686.869)	23.008.528
Tap ársins.....		(72.004.195)	(158.800.952)

EIGNIR:

	Skýr.	2024	2023
Fastafjármunir :			
Varanlegir rekstrarfjármunir :			
Fasteign.....	5	3.002.778.200	2.866.500.000
Áhöld og tæki.....	5	23.243.936	27.485.038
		<u>3.026.022.136</u>	2.893.985.038
Áhættufjármunir og langtímakröfur :			
Eignarhluti í fjárfestingasjóði.....	6	297.000	297.000
Fastafjármunir samtals.....		<u>3.026.319.136</u>	2.894.282.038
Veltufjármunir :			
Skammtímakröfur :			
Viðskiptakröfur.....	7	54.196.704	22.170.663
Kröfur á tengd félög.....		23.957.636	102.799.262
Aðrar skammtímakröfur.....		46.792.153	7.676.591
		<u>124.946.493</u>	132.646.516
Handbært fé :			
Bankainnstæður.....		768.205.238	711.641.874
Veltufjármunir samtals.....		<u>893.151.731</u>	844.288.390
Eignir samtals.....		<u>3.919.470.867</u>	3.738.570.428

7

	Skýr.	2024	2023
Eigið fé :			
Hlutfé.....	8	100.000.000	100.000.000
Annað eigið fé.....	8	858.692.036	821.333.081
Eigið fé samtals.....		958.692.036	921.333.081
Langtímaskuldir :			
Verðtryggt lán í íslenskum krónum.....	9	2.528.798.110	2.474.580.205
Næsta árs afborganir.....	9	(64.272.373)	(58.225.417)
		2.464.525.737	2.416.354.788
Tekjuskattsskuldbinding.....	10	343.979.613	285.221.527
Langtímaskuldir samtals.....		2.808.505.350	2.701.576.315
Skammtímaskuldir :			
Aðrar skammtímaskuldir.....		16.128.864	19.551.208
Viðskiptaskuldir.....		49.893.610	16.013.305
Skuldir við tengd félög.....		3.774.800	3.555.772
Ógreiddir áfallnir vextir.....		18.203.834	18.315.330
Næsta árs afborganir af langtímaláni.....	9	64.272.373	58.225.417
Skammtímaskuldir samtals.....		152.273.481	115.661.032
Skuldir samtals.....		2.960.778.831	2.817.237.347
Eigið fé og skuldir samtals.....			
		3.919.470.867	3.738.570.428

SJÓÐSTREYMI ÁRIÐ 2024

8

	Skýr.	2024	2023
Handbært fé frá rekstri :			
Tap ársins.....		(72.004.195)	(158.800.952)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi :			
Afskriftir fasta fjármuna.....	5	144.849.107	146.329.955
Reiknaðar verðbætur af langtímaláni.....	3	120.101.910	169.992.515
Reiknaður tekjuskattur.....	10	29.686.869	(23.008.528)
Veltufé frá rekstri.....		222.633.691	134.512.990
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum :			
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		7.700.023	(4.612.576)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		30.676.989	6.493.548
		38.377.012	1.880.972
Handbært fé frá rekstri.....		261.010.703	136.393.962
Fjárfestingarhreyfingar :			
Framkvæmdakostnaður.....	5	(132.569.114)	(3.131.997)
Keypt áhöld og tæki.....	5	(5.882.724)	(7.725.345)
Fjárfestingarhreyfingar.....		(138.451.838)	(10.857.342)
Fjármögnunarhreyfingar :			
Afborganir af langtímaláni.....		(65.995.501)	(59.444.935)
Fjármögnunarhreyfingar.....		(65.995.501)	(59.444.935)
Breyting á handbæru fé.....		56.563.364	66.091.685
Handbært fé í ársbyrjun.....		711.641.874	645.550.189
Handbært fé í árslok.....		768.205.238	711.641.874

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

1.1. Almennar upplýsingar :

Tilgangur félagsins er rekstur fjölnota íþrótta- og sýningahúss í Laugardal auk reksturs Laugardalshallar í Reykjavík. Félagið annast annan rekstur hússins og þeirra mannvirkja sem því tengjast. Félagið sér um alla markaðssetningu og útleigu hússins og þeirrar þjónustu sem því tengist. Tilgangur félagsins er einnig að annast rekstur, markaðssetningu og útleigu annarra íþrótta- og sýningahúlla mannvirkja eða annarra hliðstæðra fasteigna þar sem rekin er sambærileg starfsemi. Íþrótta- og sýningahöllin hf. er hluti af samstæðu B-hluta fyrirtækja Reykjavíkurborgar.

1.2. Grundvöllur reikningsskila :

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum hér að neðanverðu.

Við gerð reikningsskilaanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mót þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sam þannig eru metnir reynst önnur.

1.3. Innlausn tekna :

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af reikningsfærðri sölu á vöru og þjónustu að frádregnum virðisaukaskatti og afsláttum. Tekjur af vörusölu eru færðar þegar eignarréttur og áhætta hefur flust yfir til kaupanda.

1.4. Aðrar rekstrartekjur :

Umboðslaun og húsaleigutekjur eru tekjufærð á grundvelli fyrirbyggjandi samninga.

Söluhagnaður af varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum er reiknaður sem mismunur á söluverði og bókfærðu verði á viðskiptadegi.

1.5. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) :

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ákvöxtunarkröfu skuldabréfaeignir og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnstæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

1.6. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir :

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á endurmetnu kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Hækkun á bókfærðu verði fasteigna í matsvirði að frádregnum afskriftum er færð á sérstakan reikning meðal eigin fjár. Lækkunir á áður færðum hækkunum eru færðar til lækkunar á fyrrgreindum reikningi. Lækkunir umfram áður færðar hækkunir eru gjaldfærðar í rekstrarreikningi. Árlega er mismunur á gjaldfærðum afskriftum samkvæmt rekstrarreikningi og þeim afskriftum sem færðar hefðu verið miðað við upphaflegt kostnaðarverð, færður til hækkunar á óráðstöfuðu eigin fé.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til þess að gjaldfæra mismun á stofnverði og hrakvirði á áætluðum endingartíma eignanna sem hér segir :

Fasteign.....	33 ár
Áhöld og tæki.....	5 ár

Afskriftir reiknast hlutfallslega miðað við eignarhaldstíma innan ársins.

1.6. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir (frh.) :

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af rekstrarhagnaði.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætlunum endingartíma viðkomandi eigna.

1.7. Eignarhlutir í félögum :

Eignarhlutir í félögum eru færðir til eignar á kostnaðarverði.

1.8. Verðtryggðar skuldir :

Verðtryggðar skuldir eru færðar upp miðað við vísitölu í árslok 2024. Reiknaðar verðbætur á höfuðstól skulda eru færðar í rekstrarreikning.

1.9. Viðskiptakröfur :

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvert einstökum kröfum og kröfum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

1.10. Handbært fé :

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstandur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða að frádregnum yfirdrætti á bankareikningum. Yfirdrættir á bankareikningum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

1.11. Tekjuskattsinn eign/skuldbinding :

Mismunur reiknaðs tekjuskatts samkvæmt rekstrarreikningi og þess tekjuskatts, sem reiknast af skattskyldum hagnaði ársins og fellur til greiðslu á næsta reikningsári, færist til skuldar/eignar í efnahagsreikningi sem tekjuskattsinn eign/skuldbinding. Mismunur þessi stafar af því að skattskyldur hagnaður samkvæmt skattframtali miðast við aðrar forsendur fyrir skatta samkvæmt rekstrarreikningi, og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna innlausnar tekna og gjalda.

Tekjuskattsskuldbindingan svarar að jafnaði til þess tekjuskatts, sem eftir gildandi skattalögum kæmi til greiðslu, ef eignir félagsins væri seldar eða innleystar á bókfærðu verði.

2. Fjárhagsleg áhættustjórnun :

2.1. Fjárhagslegir áhættuþættir :

Starfsemi félagsins hefur í för með sér margvíslega áhættu svo sem áhrif breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun félagsins beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

2.2. Útlánaáhætta :

Félagið einbeitt sér ekki sérstaklega að útlánaáættu. Hins vegar hefur félagið ákveðna stefnu gagnvart því að selja vörur og þjónustu til ábyrgra aðila. Bankainnstæður félagsins eru einungis hjá viðurkenndum lánastofnunum.

SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI (frh.)

11

3. Fjármagnsgjöld :

Verðtryggðar skuldir eru færðar upp miðað við vísitölu í lok desember 2024. Reiknaðar verðbætur á höfuðstól skulda eru færðar í rekstrarreikning.

Fjármagnsgjöld sundurliðast þannig :

	2024	2023
Greidd vaxtagjöld og verðbætur.....	(88.508.865)	(89.673.406)
Reiknaðar áfallnar verðbætur.....	(120.101.910)	(169.992.515)
Fjármagnsgjöld samtals.....	(208.610.775)	(259.665.921)

4. Laun og launatengd gjöld :

Laun og launatengd gjöld sundurgreinast þannig :

	2024	2023
Laun starfsmanna.....	104.498.554	101.932.617
Laun stjórnarmanna.....	10.764.000	9.854.000
Launatengd gjöld.....	27.120.769	27.803.148
	142.383.323	139.589.765

Hjá félaginu störfuðu að meðaltali 11 starfsmenn á árinu.

5. Varanlegir rekstrarfjármunir :

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir þeirra greinast þannig :

	Fasteign	Áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2023.....	4.186.056.914	73.049.517	4.259.106.431
Viðbót á árinu.....	3.131.997	7.725.345	10.857.342
Endurmat ársins.....	301.579.767		301.579.767
Heildarverð 31.12.2023.....	4.490.768.678	80.774.862	4.571.543.540
Afskrifað áður.....	1.489.806.914	41.421.633	1.531.228.547
Afskrifað á árinu.....	134.461.764	11.868.191	146.329.955
Afskrifað samtals.....	1.624.268.678	53.289.824	1.677.558.502
Bókfært verð 31.12.2023.....	2.866.500.000	27.485.038	2.893.985.038

	Fasteign	Áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2024.....	4.490.768.678	80.774.862	4.571.543.540
Viðbót á árinu.....	132.569.114	5.882.724	138.451.838
Endurmat ársins.....	138.434.367		138.434.367
Heildarverð 31.12.2024.....	4.761.772.159	86.657.586	4.848.429.745
Afskrifað áður.....	1.624.268.678	53.289.824	1.677.558.502
Afskrifað á árinu.....	134.725.281	10.123.826	144.849.107
Afskrifað samtals.....	1.758.993.959	63.413.650	1.822.407.609
Bókfært verð 31.12.2024.....	3.002.778.200	23.243.936	3.026.022.136

SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI (frh.)

12

5. Varanlegir rekstrarfjármunir (frh.) :

Fasteignamat í árslok 2024 nam 3.002,8 millj.kr.

Brunabótamat í árslok 2024 nam 4.765,7 millj.kr.

Vátryggingaverðmæti fastafjármuna í árslok 2024 nam 4.851 millj.kr.

Fasteign félagsins var endurmetin í árslok um 138,4 millj.kr. Við útreikning á endurmati er stuðst við opinbert fasteignarmat í árslok 2024.

6. Áhættufjármunir og langtímakröfur :

Eignarhlutur félagsins í fjárfestingasjóði sundurgreinist þannig í árslok 2024 :

	Nafnverð	Kaupverð	Eignarhlutur
Kvika - ÍSH hs.....	297.000	297.000	49,5%

7. Viðskiptakröfur :

Viðskiptakröfur greinast þannig:

	31.12.2024	31.12.2023
Viðskiptakröfur.....	57.196.704	25.170.663
Niðurfærsla vegna tapsáhættu.....	(3.000.000)	(3.000.000)
	54.196.704	22.170.663

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar úr bókum félagsins.

8. Eigið fé :

Hlutfé :

Eitt atkvæði fylgir hverjum krónu hlut af nafnverði.

Yfirlit yfir eiginfjárreikninga :

	Hlutfé	Endurmats- reikningur	Ójafnað tap	Samtals
Eigið fé 1.1.2024.....	100.000.000	1.707.595.488	(886.262.407)	921.333.081
Endurmat ársins.....		109.363.150		109.363.150
Afskrift endurmats.....		(94.048.040)	94.048.040	0
Tap ársins.....			(72.004.195)	(72.004.195)
Eigið fé 31.12.2024.....	100.000.000	1.722.910.598	(864.218.562)	958.692.036

SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI (frh.)

13

9. Langtímaskuldir :

Yfirlit yfir langtímaskuldir :

	Mynt	Lánskjör	Eftirstöðvar 31.12.2024
Kvika - ÍSH hs.	ISK	3,65%	2.528.798.110

Langtímalán félagsins í árslok 2024 er verðtryggt í íslenskum krónum til 34 ára. Lánveitandi er Kvika - ÍSH hs. Lánið ber fasta 3,65% vexti.

Afborganir af langtímaláni greinast þannig á næstu árum :

Árið 2025.....	64.272.373
Árið 2026.....	66.200.544
Árið 2027.....	68.186.561
Árið 2028.....	70.232.157
Árið 2029.....	72.339.122
Árið 2030.....	72.339.122
Árið 2031 og síðar.....	2.115.228.231
	2.528.798.110

10. Tekjuskattsskuldbinding :

Breyting tekjuskattsskuldbindingar á árinu 2024 greinist þannig :

Tekjuskattsskuldbinding 1.1.2024.....	285.221.527
Áhrif af breytingu skatthlutfalls.....	14.261.076
Reiknaður tekjuskattur ársins.....	15.425.793
Tekjuskattsáhrif af endurmati ársins.....	29.071.217
Tekjuskattsskuldbinding 31.12.2024.....	343.979.613

Tekjuskattsskuldbinding (-inneign) greinist þannig á eftirfarandi liði :

Varanlegir rekstrarfjármunir.....	396.327.379
Yfirfæranlegt tap.....	(58.525.801)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur.....	6.178.035
	343.979.613

Ójöfnuð rekstrartöp félagsins í árslok 2024 námu 278,7 millj.kr.

11. Aðrar upplýsingar :

Vátryggingafjárhæð rekstrarstöðvunartryggingar félagsins í árslok 2024 nam 349,1 millj.kr.

Veðsetningar :

Skuld við Kviku - ÍSH hs. að fjárhæð 2.528,8 millj.kr. í árslok 2024 er tryggt með veði í fasteign félagsins.

12. Tengdir aðilar :

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem stjórnað er af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðilar. Viðskipti við annan eiganda félagsins, Reykjavíkurborg, voru veruleg á árinu 2024 og námu tekjur frá Reykjavíkurborg u.þ.b. 73% af heildar tekjum félagsins.

STOFNSAMÞYKKTIR FYRIR ÍÞRÓTTA- OG SÝNINGAHÖLLINA HF

EFNISYFIRLIT

HEITI, AÐILD OG VARNARÞING	2
TILGANGUR OG HLUTVERK.....	2
HLUTAFÉ	2
SAMSKIPTI VIÐ HLUTHAFA	2
EIGIN HLUTIR	3
HLUTHAFAFUNDIR.....	3
RÉTTUR TIL SETU, MÁLFRELSI OG TILLÖGURÉTTUR	3
BOÐUN OG DAGSKRÁ HLUTHAFAFUNDA.....	4
RAFRÆN ÞÁTTTAKA	4
DAGSKRÁ AÐALFUNDA.....	5
FUNDARSTJÓRN.....	5
ÁLYKTUNARHÆFI HLUTHAFAFUNDA.....	5
FUNDARGERÐ	6
SKIPAN OG SAMSETNING STJÓRNAR	6
HLUTVERK STJÓRNAR	7
SKYLDUR STJÓRNAR	7
UMBOÐ STJÓRNAR.....	8
SKIPTING STARFA OG STARFSHÆTTIR	8
FUNDIR OG ÁLYKTUNARHÆFI	8
UNDIRNEFNDIR.....	9
FRAMKVÆMDASTJÓRI.....	9
SIÐAREGLUR	10
FJÁRHAGSÁÆTLUN	10
UPPLÝSINGAGJÖF	11
INNRA EFTIRLIT	11
ÁRSREIKNINGAR OG ENDURSKOÐUN	12
FÉLAGSSLIT	12
BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM	12

HEITI, AÐILD OG VARNARÞING

1. gr.

Íþróttta- og sýningahöllin er hlutafélag og starfar samkvæmt lögum um hlutafélög nr. 2/1995.

Lögheimili og varnarþing félagsins er í Reykjavík.

TILGANGUR OG HLUTVERK

2. gr.

Tilgangur félagsins er rekstur fjölnota íþróttta- og sýningahúss í Laugardal auk reksturs Laugardalshallar í Reykjavík. Félagið annast allan rekstur hússins og þeirra mannvirkja sem því tengjast. Félagið sér um alla markaðssetningu og útleigu hússins og þeirrar þjónustu sem því tengist.

Tilgangur félagsins er einnig að annast rekstur, markaðssetningu og útleigu annarra íþróttatengdra mannvirkja eða annarra hliðstærða fasteigna þar sem rekin er sambærileg starfsemi.

HLUTAFÉ

3. gr.

Hlutafé félagsins er kr. 100.000.000 og greinist í hluti hver að fjárhæð 1.000 eða margfeldi þeirrar fjárhæðar. Hlutir skulu hljóða á nafn.

Ef arður af hlutafé verður meiri en 10% í árlegum rekstri félagsins skal 50% umframhagnaðar ráðstafað til lækkunar á leigugreiðslum sem Reykjavíkurborg greiðir vegna fjölnotahússins og/eða til lækkunar á öðrum kostnaði Reykjavíkurborgar vegna viðskipta sinna við hlutafélagið.

Heimilt er að hækka hlutafé félagsins með ályktun hluthafafundar og þarf til þess sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þess. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína. Ákveði hluthafi að nýta ekki forgangsrétt sinn eiga aðrir hluthafar aukinn rétt til áskriftar í réttu hlutfalli við hlutafjáreign sína. Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár.

Hlutabréf skulu tölusett og hljóða á nafn viðkomandi hluthafa. Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá samkvæmt lögum, þar sem tilgreint skal netfang hluthafa sem rafrænar tilkynningar félagsins skulu sendar til.

Eigendaskipti að fölum hlutum í félaginu öðlast ekki gildi gagnvart því fyrr en stjórn þess hefur verið tilkynnt um það skriflega.

Stjórn félagsins hefur forkaupsrétt fyrir félagsins hönd að fölum hlutum. Að félaginu frágengnu skulu hluthafar hafa forkaupsrétt í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína. Kjósi hluthafi að nýta ekki forkaupsrétt sinn skulu aðrir hluthafar eiga forkaupsrétt að hlutum hans í réttu hlutfalli við hlutafjáreign sína. Verði ágreiningur um verð hluta skal það ákveðið með mati tveggja óvilhallra aðila sem dómkvaddir skulu til þess starfa. Forkaupsréttarhafi hefur þriggja mánaða frest til að beita forkaupsrétti sínum og telst fresturinn frá tilkynningu til stjórnar um tilboð. Þá mega eigi líða fleiri en fjórir mánuðir frá því að kaup voru ákveðin þar til kaupverð er greitt.

Óheimilt er að veðsetja eða gefa hluti í félaginu án samþykkis félagsfundar.

Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu.

SAMSKIPTI VIÐ HLUTHAFA

4. gr.

Heimil er notkun rafrænna skjalasamskipta og tölvupósts í samskiptum milli félagsins og hluthafa í stað þess að senda eða leggja fram skjöl rituð á pappír. Nær heimildin til hvers kyns samskipta milli félagsins og hluthafa svo sem um boðun hluthafafunda, greiðslu arðs eða annarra tilkynninga sem félagsstjórn ákveður að send skuli hluthöfum. Eru slík rafræn samskipti jafngild samskiptum rituðum á pappír.

Stjórn skal setja reglur um framkvæmd rafrænna samskipta og þær kröfur sem gerðar eru til hugbúnaðar sem skal vera hluthöfum aðgengilegur og skulu hluthafar staðfesta þær í samræmi við þær reglur sem stjórn setur.

EIGIN HLUTIR

5. gr.

Félaginu er heimilt að kaupa eigin hluti að því marki sem lög leyfa. Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir eigin hluti félags.

Félagið má ekki veita lán út á hluti sína.

HLUTHAFAFUNDIR

6. gr.

Æðsta vald í öllum málefnum félagsins, með þeim takmörkunum sem landslög og samþykktir þessar setja, er í höndum lögmætra hluthafafunda.

RÉTTUR TIL SETU, MÁLFRELSI OG TILLÖGURÉTTUR

7. gr.

Rétt til þátttöku á hluthafafundum félagsins hafa hluthafar félagsins.

Rétt til setu og málfrelsis á hluthafafundum hafa:

1. Stjórn og varastjórn
2. Fulltrúar í endurskoðunarnefnd
3. Framkvæmdastjóri
4. Endurskoðendur

Meirihluta stjórnar og endurskoðendum félagsins er jafnframt skylt að mæta á aðalfund félagsins.

Borgarfulltrúum er heimilt að sækja aðalfund með rétt til að bera fram skriflegar fyrirspurnir og fulltrúum fjölmiðla er heimilt að sækja aðalfund, sbr. ákvæði 4. mgr. 80. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995. Frambjóðendum til stjórnar er enn fremur heimilt að sækja fund.

BOÐUN OG DAGSKRÁ HLUTHAFAFUNDA

8. gr.

Stjórn félagsins boðar hluthafa til hluthafafunda með a.m.k. 4 vikna fyrirvara. Fundir skulu haldnir á starfsstöð félagsins, en stjórn hefur heimild til að ákveða að halda fundi annars staðar.

Fundarboð ásamt dagskrá og fylgigögnum skal senda hluthöfum með rafrænum hætti sbr. 4. gr. og birta á heimasíðu félagsins.

Stjórn skal boða til hluthafafundar ef endurskoðandi félagsins eða a.m.k. 20% hluthafa krefst þess, í síðasta lagi innan 14 daga frá því að henni barst slík krafa. Sá sem krefst aukafundar skal senda skriflega beiðni þar um til stjórnar og tilgreina fundarefni.

Hluthafi á rétt á því að fá ákveðin mál tekin fyrir á hluthafafundi, ef hann gerir um það skriflega eða rafræna kröfu til stjórnar með að minnsta kosti 21 dags fyrirvara. Senda skal tillögur hluthafa til allra hluthafa eins fljótt og auðið er eftir móttöku þeirra.

Endanleg dagskrá og tillögur skulu sendar hluthöfum eigi síðar en 14 dögum fyrir fund.

Hluthafafundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður og hann sækja hluthafar eða umboðsmenn þeirra sem hafa yfir að ráða helmingi hlutafjár í félaginu að minnsta kosti. Verði fundur ólögmætur vegna annmarka að þessu leyti skal boða til nýs fundar innan 4 vikna með 7 daga fyrirvara og verður sá fundur lögmætur til að ræða þau mál sem ræða átti á fyrri fundinum ef hann sækja hluthafar eða umboðsmenn þeirra enda ráði þeir yfir 20% hlutafjár í félaginu að hið minnsta.

Mál sem ekki hafa verið tilgreind í dagskrá er ekki hægt að taka til endanlegrar úrlausnar á hluthafafundi nema með samþykki allra hluthafa í félaginu. Löglegar fram bornar breytingatillögur má bera upp á fundinum sjálfum, enda þótt þær hafi ekki áður legið hluthöfum til sýnis, enda gangi þær skemur gagnvart réttindum hluthafa en upphafleg tillaga kveður á um.

RAFRÆN ÞÁTTTAKA

9. gr.

Stjórn er heimilt að halda hluthafafund með rafrænum hætti, annað hvort að hluta eða öllu leyti. Telji stjórn að tiltækur sé nægilega öruggur búnaður til að halda rafrænan fund að hluta eða öllu leyti og ákveði stjórn að nýta þessa heimild, skal þess sérstaklega getið í fundarboði. Upplýsingar skulu jafnframt veittar um nauðsynlegan tæknibúnað fyrir hluthafa, hvernig hluthafar tilkynni þátttöku sína, hvernig atkvæðagreiðsla fer fram og hvar hluthafar nálgast leiðbeiningar um viðkomandi fjarskipta-búnað sem nota á við framkvæmd fundarins.

Komi fram mótmæli hluthafa, innan 7 daga frá fundarboði, um að hluthafafundur verði haldinn með rafrænum hætti og óskar eftir að fundur verði haldinn með hefðbundnum hætti, skal stjórn verða við slíkri beiðni og tilkynna öðrum hluthöfum um slíka breytingu án tafar.

DAGSKRÁ AÐALFUNDA

10. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en fyrir lok júní ár hvert.

Á aðalfundi skulu eftirfarandi mál tekin fyrir til afgreiðslu:

1. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár
2. Ársreikningur og skýrsla endurskoðanda
3. Tillaga stjórnar um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu og greiðslu arðs og framlög í varasjóð umfram þau réttindi sem Reykjavíkurborg sem hluthafi nýtur í þessu sambandi, sbr. 2. mgr. 3. gr. samþykkt þessara.
4. Tillaga stjórnar um stefnu og framtíðarsýn og helstu mælikvarða
5. Tillaga stjórnar um rekstrar- og fjárfestingaráætlun
6. Tillaga stjórnar um stefnu um fjármagnsskipan og arðgreiðslustefnu
7. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu
8. Aðrar stefnur sem stjórn skal bera undir hluthafafund skv. 3. mgr. 17. gr.
9. Kosning endurskoðunarfélags
10. Kosið í stjórn félagsins.
11. Tillaga stjórnar um greiðslu þóknunar til stjórnar
12. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin

FUNDARSTJÓRN

11. gr.

Hluthafafundum stjórnar fundarstjóri sem fundurinn kýs, og tilnefnir hann fundarritara með samþykki fundarins.

Fundarstjóri skal leysa úr öllum atriðum sem snerta lögmæti fundarins og framkvæmd hans samkvæmt samþykktum þessum og lögum. Jafnframt ákveður hann form umræðna, meðferð málefna á fundinum og atkvæðagreiðslur.

ÁLYKTUNARHÆFI HLUTHAFAFUNDA

12. gr.

Á hluthafafundi fylgir eitt atkvæði hverjum 1.000.000 krónum í hlutafé. Afl atkvæða ræður úrslitum á hluthafafundum, nema öðruvísi sé mælt fyrir í samþykktum þessum eða lögum. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum. Ef tveir einstaklingar eða fleiri fá jafnmörg atkvæði í kosningu skal hlutkesti ráða. Atkvæðagreiðslur á hluthafafundi skulu vera skriflegar ef einhver hluthafa krefst þess.

Samþykki allra hluthafa þarf til þess að ákvarðanir um eftirtaldar breytingar á samþykktum þessum verði gildar:

1. Að skerða rétt hluthafa til arðgreiðslu eða annarrar úthlutunar úr hendi félagsins, öðrum en hluthöfum til hagsbóta
2. Að auka skuldbindingar hluthafa gagnvart félaginu
3. Að takmarka heimildir hluthafa til meðferðar á hlutum sínum
4. Að skylda hluthafa til að þola lausn á hlutum sínum án þess að um slit félagsins sé að ræða
5. Að breyta ákvæðum samþykktanna um hlutdeild hluthafa í félaginu eða jafnrétti þeirra á milli

Þá ber stjórn að hlutast til um að afla samþykkis allra hluthafa fyrir eftirtöldum ákvörðunum:

1. Ákvarðanir um fjárfestingar- eða rekstrarlán eða aðra lánssamninga
2. Ákvarðanir um sölu eða veðsetningu fastafjármuna
3. Ákvörðun um að ráðast í viðbyggingar og samþykkt fjárhags- og rekstraráætlanu um viðbyggingu
4. Ákvarðanir um samninga og meiriháttar viðskipti við þriðja aðila

FUNDARGERÐ

13. gr.

Rita skal fundargerð um það sem gerist á hluthafafundum.

Fundargerðir skulu lesnar upp í fundarlok, en fundarstjóri getur óskað eftir heimild hluthafafundar til að ganga frá fundargerð með fundarritara í kjölfar fundar. Fundargerðir skulu undirritaðar af fundarstjóra og fundarritara.

Í síðasta lagi 7 dögum eftir hluthafafund skulu hluthafar eiga aðgang að fundargerð eða staðfestu endurriti fundargerðar á skrifstofu félagsins og á vefsvæði þess.

SKIPAN OG SAMSETNING STJÓRNAR

14. gr.

Stjórn félagsins skipa fimm einstaklingar og tveir til vara, sem taka skulu sæti stjórnarmanna sem forfallast tímabundið. Forfallist stjórnarmaður varanlega skal stjórn boða til hluthafafundar þar sem kosning stjórnarmanns er á dagskrá. Stjórnarmenn skulu fullnægja þeim skilyrðum sem kveðið er á um í hlutafélagalögum og samþykktum þessum.

Hluthafafundur kys einstaklinga í stjórn með hlutfallskosningu og skal kjörtímabil stjórnar vera til eins árs í senn. Meðan Samtök iðnaðarins og Reykjavíkurborg eiga 50% hlut hvor um sig, kys hvor hluthafi um sig tvo einstaklinga í stjórn og skulu hluthafarnir síðan koma sér saman um einn einstakling í stjórn.

Meirihluti stjórnar skal óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess, og þar af skulu tveir jafnframt vera óháðir eigendum félagsins. Aðili telst óháður félaginu, stjórnendum og eigendum þess samkvæmt skilgreiningu Leiðbeininga Viðskiptaráðs o.fl. um góða stjórnarhætti hverju sinni.

Gæta skal þess að kynjahlutfall í stjórn og varastjórn sé sem jafnast og að hlutfall hvors kyns sé í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna hverju sinni.

Náist kynjahlutföll 4. mgr. ekki við stjórnarkjör telst kosningin í aðal- eða varastjórn ógild. Endurtaka skal stjórnarkjör á sama hluthafafundi þegar ljóst er að niðurstöður stjórnarkjörsins eru ófullnægjandi. Náist niðurstaða ekki eftir endurteknar kosningar skal fresta stjórnarkjöri til framhaldsfundar sem haldinn skal innan mánaðar og auglýstur sérstaklega með sama hætti og hluthafafundir. Starfandi stjórn félagsins situr áfram þar til lögmæt kosning fer fram.

Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt ef tillögur koma fram um fleiri einstaklinga í stjórn en kjósa skal.

HLUTVERK STJÓRNAR

15. gr.

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja aðila. Hlutverk stjórnar er m.a. eftirfarandi:

1. Marka stefnu félagsins, sbr. ákvæði 4.-8.tl. 10. gr. og 3. mgr. 17. gr.
2. Ráða framkvæmdastjóra og setja honum starfsreglur sem marki skil á störfum hans gagnvart stjórn, s.s. varðandi hlutverk, umboð, ábyrgð, ákvarðanatöku og upplýsingagjöf
3. Hafa eftirlit með störfum framkvæmdastjóra, bókhaldi og meðferð fjármuna og eigna félagsins
4. Setja upp skilvirkt innra eftirlit og samþykkja innri endurskoðunaráætlanir
5. Önnur verkefni sem stjórn eru falin samkvæmt samþykktum þessum

SKYLDUR STJÓRNAR

16. gr.

Stjórn skal hafa yfirumsjón með starfsemi félagsins og eftirlit með því að skipulag og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórn skal tryggja að félagið sé rekið á heilbrigðan og eðlilegan hátt með hagsmuni viðskiptavina, hluthafa og alls samfélagsins að leiðarljósi.

Stjórn félagsins er sjálfstæð í störfum sínum og ber ábyrgð á þeim gagnvart hluthöfum.

Stjórn skal hafa hagsmuni félagsins ávallt í fyrirrúmi í samræmi við meginreglur félagaréttar um trúnaðarskyldu stjórnar.

Stjórn skal gæta hagsmuna allra hluthafa jafnt í samræmi við meginreglur félagaréttar um jafnræði hluthafa.

Þeir sem veljast til stjórnarstarfa skulu sinna þeim af heiðarleika og áreiðanleika og verja nægjanlegum tíma til að sinna stjórnarstörfum sínum af kostgæfni.

Stjórn skal viðhafa góða stjórnarhætti, á samstæðugrunni ef við á, og fara eftir viðurkenndum leiðbeiningum um góða stjórnarhætti, þar með talið varðandi:

1. Setningu verklagsreglna um framkvæmd starfa sinna
2. Skilgreiningu á hlutverki formanns stjórnar
3. Hagsmunaskráningu stjórnar og framkvæmdastjóra, hagsmunaárekstra (vanhæfi) og ef við á regluvörslu
4. Skipan undirnefnda, þar með talið skilgreiningu á hlutverki, umboði og ábyrgð þeirra
5. Framkvæma árlega árangursmat á árangri félagsins og störfum stjórnar, undirnefnda og framkvæmdastjóra

Stjórn skal árlega birta yfirlýsingu um stjórnarhætti sína í sérstökum kafla í skýrslu stjórnar, í samræmi við ákvæði gildandi laga um ársreikninga hverju sinni. Í stjórnarháttayfirlýsingu skal jafnframt upplýst um fylgni félagsins og stjórnar við Almenna eigandastefnu Reykjavíkurborgar.

UMBOÐ STJÓRNAR

17. gr.

Stjórn veitir prókúruumboð. Undirskrift meirihluta stjórnarmanna þarf til að skuldbinda félagið.

Umboð stjórnar takmarkast á hverjum tíma við ákvæði laga, tilgang félagsins skv. samþykktum þessum og ákvæðum þeirra að öðru leyti.

Stjórn annast stefnumörkun félagsins, sem skal háð samþykki lögmæts hluthafafundar á eftirfarandi sviðum:

1. Áhættustefna/áhættuvilji
2. Jafnréttisstefna
3. Umhverfisstefna
4. Persónuverndarstefna

SKIPTING STARFA OG STARFSHÆTTIR

18. gr.

Stjórn félagsins kys sér formann úr sínum hópi, en að öðru leyti skiptir hún með sér verkum eins og þurfa þykir.

Stjórn skal útbúa og staðfesta á stjórnarfundum starfsáætlun stjórnar fyrir næsta starfsár hennar, þar sem m.a. skal kveðið á um reglulega fundi stjórnar.

Formaður lætur boða stjórnarfundum í samræmi við starfsáætlun stjórnar og aukafundi eftir því sem þörf krefur. Stjórnarformanni er skylt að boða til stjórnarfundar ef einn stjórnarmaður, framkvæmdastjóri eða endurskoðunarfélag félagsins krefst þess. Varamenn taka sæti í stjórn félagsins í tímabundnum forföllum aðalmanna samkvæmt ákvæðum í starfsreglum stjórnar.

FUNDIR OG ÁLYKTUNARHÆFI

19. gr.

Stjórn er ályktunarbær ef meirihluti stjórnar sækir þá, en mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka nema allir stjórnarmenn hafi átt þess kost á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Stjórnarmönnum er heimil þátttaka í stjórnarfundum með fjarskiptabúnaði.

Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

Stjórn skal halda fundargerð um það sem gerist á stjórnarfundum og staðfesta hana með undirskrift sinni. Fundargerðir stjórnar skulu aðgengilegar eigendum.

UNDIRNEFNDIR

20. gr.

Stjórn er heimilt, með fyrirfram samþykki hluthafafundar, að skipa undirnefndir stjórnar til að annast undirbúning einstakra verkefna fyrir stjórn félagsins. Við skipan slíkra nefnda skal samið erindisbréf þar sem kveðið á um:

1. Tilgangur og hlutverk nefndar
2. Skipan nefndar
3. Hlutverk formanns
4. Verklag við undirbúning, boðun og framkvæmd funda
5. Ályktunarhæfi
6. Vanhæfi
7. Fundargerðir
8. Upplýsingagjöf til stjórnar
9. Greiðsla kostnaðar vegna starfa nefndar
10. Samskipti við starfsmenn og stjórnarmenn
11. Starfstími nefndar

Undirnefndir skulu semja starfsáætlanir þar sem kveðið skal á um framvindu nefndarstarfsins og áætlaða fundi. Starfsáætlanir undirnefnda skulu samþykktar af stjórn.

Skipan nefndar skal í heild sinni lögð fyrir hluthafafund til samþykktar.

FRAMKVÆMDASTJÓRI

21. gr.

Stjórn ræður framkvæmdastjóra og gerir við hann ráðningarsamning og setur honum starfsreglur. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn og heyrir undir hana.

Hlutverk framkvæmdastjóra félagsins er m.a. eftirfarandi:

1. Ábyrgð á daglegum rekstri og starfsemi félagsins, að frátöldum tengslum við íþróttahreyfinguna vegna afnota hennar af íþróttamannvirkjum í rekstri félagsins, sem Reykjavíkurborg mun annast.
2. Ábyrgð á ráðningu starfsfólks og uppsögn þeirra
3. Ábyrgð á að bókhald og fjárreiður séu í samræmi við lög og viðurkenndar venjur og að meðferð eigna félagsins séu með tryggilegum hætti
4. Ábyrgð á að koma á og viðhalda virku innra eftirliti í samráði við stjórn
5. Ber óvenjulegar og mikilsháttar ákvarðanir undir stjórn eins og nánar greinir í starfsreglum sem stjórn setur honum skv. 1. mgr.
6. Ber ábyrgð á innleiðingu ákvarðana stjórnar og ákvarðana aðalfunda og aukafunda hluthafa
7. Annast önnur verkefni sem honum eru falin samkvæmt samþykktum þessum

Framkvæmdastjóri fer með prókúru félagsins eins og nánar greinir í starfsreglum sem stjórn setur honum skv. 1. mgr.

SIÐAREGLUR

22. gr.

Stjórn skal setja félaginu siðareglur sem ná til stjórnar, stjórnenda og starfsfólks og eftir atvikum birgja félagsins. Siðareglurnar skulu a.m.k. ná til eftirtalinna atriða.

1. Skilgreining hagaðila félagsins og samskipti við þá
2. Ábyrgir og góðir viðskiptahættir
3. Viðskipti, gjafir og hagsmunaárekstrar
4. Innkaup
5. Varnir gegn svikum, mútum og spillingu í samræmi við viðurkennda viðskiptavenjur og leiðbeiningar
6. Bann við fjármögnun pólitískra verkefna
7. Samfélagsleg ábyrgð, þ.m.t. umhverfismál, mannréttindi og sjálfbærni
8. Samkeppni
9. Vernd eigna og upplýsinga
10. Trúnaður
11. Ferli fyrir uppljóstranir og vernd uppljóstrara

Siðareglurnar skulu gilda á samstæðugrunni félagsins, ef við á.

FJÁRHAGSÁÆTLUN

23. gr.

Á meðan félagið er hluti af samstæðu Reykjavíkurborgar skal stjórn þess gera tillögu að meginforsendum fjárhagsáætlunar félagsins til eigandafyrirsvars Reykjavíkurborgar í samræmi ákvæði við Almennrar eigandastefnu Reykjavíkurborgar á hverjum tíma.

Stjórn og framkvæmdastjóri útfæra í kjölfarið rekstrar- og fjárfestingaráætlun félagsins í samræmi við þær forsendur sem samþykktar hafa verið af eigandafyrirsvari Reykjavíkurborgar og skal endanleg áætlun samþykkt af stjórn félagsins og send eigendum.

Framhald á næstu síðu

UPPLÝSINGAGJÖF

24. gr.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu leggja ríka áherslu á gegnsæi og góða stjórnarhætti. Upplýsingargjöf stjórnar til hluthafa skal taka mið af eftirfarandi reglum, eins og við á hverju sinni:

1. Upplýsingagjöf skv. 66. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 (ÁRL) um viðbótarupplýsingar í skýrslu stjórnar um árangur, áhættu og óvissupætti
2. Upplýsingagjöf skv. 66. gr. a ÁRL um upplýsingar í skýrslu stjórnar, m.a. um hlutafé og hluthafa, samninga við hluthafa og stjórnarmenn og starfsfólk
3. Upplýsingagjöf skv. 66. gr. c. ÁRL um stjórnarháttayfirlýsingar, í samræmi við gildandi Leiðbeiningar Viðskiptaráðs o.fl. hverju sinni um góða stjórnarhætti
4. Upplýsingagjöf skv. 66. gr. d ÁRL um skýrslu stjórnar um ófjárhagslega upplýsingagjöf á sviði umhverfis-, samfélags- og starfsmannamála og stefnu í mannréttindamálum og varnir vegna spillingar- og mútumála.
5. Þau verkefni sem félagið annast á grundvelli opinberrar stefnumörkunar Reykjavíkur, skulu sérgreind reikningum félagsins, ásamt kostnaði sem af slíkum verkefnum leiðir, sem og fjármögnun þeirra.
6. Stjórn skal upplýsa hluthafa um fjárhagsleg uppgjör, s.s. ársfjórðungs- og hálfársuppgjör, sem og aðstæður eða ófyrirséð atvik sem upp kunna að koma í rekstri félagsins, s.s. frávik frá áður samþykktum áætlunum.
7. Stjórn félagsins skal upplýsa hluthafa um aðrar upplýsingar um málefni sem skipta hluthafa og aðra haghafa máli, þótt upplýsingarnar kalli ekki á ákvörðun af hálfu hluthafa.

Viðskipti milli félagsins og hluthafa skulu fara fram á markaðskjörum og stjórn félagsins skal upplýsa í ársreikningi um viðskipti milli félagsins og hluthafa sem eiga a.m.k. 10% hlutafjár, þ.e. fjárhæð viðskipta, kjör og aðra helstu skilmála.

Upplýsingar samkvæmt þessari grein skulu jafnframt ná til dótturfélaga og birtar á heimasíðu félagsins, nema sérstakur trúnaður um þær leiði af lögum eða öðrum atvikum.

INNRA EFTIRLIT

25. gr.

Í samræmi við 4.-lið 15. gr. ber stjórn að setja upp skilvirkt innra eftirlit og samþykkja innri endurskoðunaráætlanir. Á meðan félagið er hluti af samstæðu Reykjavíkurborgar og ekki er starfandi innri endurskoðunardeild innan félagsins, er stjórn heimilt að leita til Innri endurskoðunar og ráðgjafar Reykjavíkurborgar um málefni sem lúta að innri endurskoðun félagsins.

Starfi innri endurskoðunardeild innan félagsins eða henni hefur verið útvistað til þriðja aðila, er Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar heimilt að hafa eftirlit með gæðum þeirrar starfsemi.

ÁRSREIKNINGAR OG ENDURSKOÐUN

26. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið og reikningar þess skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem kosinn er á aðalfundi til eins árs í senn sbr. ákvæði 10. gr. Um hæfi endurskoðanda fer að lögum.

Endurskoðandi skal í samræmi við góðar endurskoðunarvenjur endurskoða ársreikninga félagsins og í því sambandi kanna bókhaldsgögn og aðra þætti, er varða rekstur þess og stöðu. Er honum jafnan heimill aðgangur að öllum bókum félagsins og skjölum. Að öðru leyti fer um störf hans að lögum.

Ársreikningur skal útbúinn í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006 og sýna skilmerkilega og rækilega tekjur og gjöld félagsins, eignir þess og skuldir, og eftir því sem við á upplýsingum skv. ÁRL sem greinir í ákvæði 24. gr.

FÉLAGSSLIT

27. gr.

Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta félaginu og fer þá um tillögur þar að lútandi samkvæmt XIII. kafla hlutafélagalaga.

BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM

28. gr.

Samþykktum þessum má breyta á löglega boðuðum hluthafafundi með samþykki minnst 2/3 hluthafa, sbr. þó ákvæði 2.-3. mgr. 12. gr., enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í samþykktum eða landslögum.

Þannig samþykkt á hluthafafundi Íþrótt- og sýningahallarinnar hf. þann 25. mars 2025